Starfandi Bæjarstjóri Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Ráðstefna CoastGIS 2018 á Ísafirði 27.- 29. september • Beiðni um stuðning

Ísafirði 17. águst 2018

Háskólasetur Vestfjarða vinnur að undirbúningi alþjóðlegrar ráðstefnu CoastGIS sem haldin verður á Ísafirði dagana 27.- 29. september 2018.

Háskólasetur Vestfjarða er gestgjafi ráðstefnunnar í ár en þetta er í þrettánda sinn sem hún er haldin. Markmið ráðstefnunnar er að miðla þekkingu, hugmyndum og reynslu af notkun gagna og upplýsingatækni til að öðlast betri þekkingu á stjórnun strandsvæða og auðlindum þeirra.

Við eigum von á um 80 ráðstefnugestum allsstaðar að úr heiminum og frá Íslandi. Flestir verða úr heimi vísinda og fræða, stjórnkerfi og viðskiptum. Ráðstefnan verður, haldin í Edinborgarhúsinu og í Háskólasetrinu og stendur í tvo daga. U.þ.b. 40 manns munu kynna rannsóknir sínar með kynningum.

Með bréfi þessu förum við þess á leit við Ísafjarðarbæ að hann styrki ráðstefnuhaldið. Styrkurinn yrði nýttur til þess að útbúa kynningarefni og greiða leigu húsnæðis fyrir ráðstefnuna.

Ef af styrkveitingunni verður munum við setja nafn og merki Ísafjarðarbæjar á heimasíðu ráðstefnunnar með tengli inná heimasíðu bæjarins. Og einnig munum við setja nafn bæjarins í kynningarbækling ráðstefnunnar.

Með von um jákvæð viðbrögð,

Astrid Fehling,
Verkefnastjóri
S.: +354 4503043
astrid@uw.is ◦ coastgis2018@uw.is ◦ www.coastgis2018.is